

71
7. nóv.

AUGLÝSING

um

skifting landsins í skipaskoðunarumdæmi.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, er landinu skift í skipaskoðunarumdæmi, sem hér segir:

Reykjavíkumumdæmi: Frá Grindavík að Kollafirði.

Borgarfjarðarumdæmi: Frá Kollafirði að Hvítá á Mýrum.

Ólafsvíkumumdæmi: Frá Hvítá á Mýrum að Búlandshöfða.

Stykkishólsumumdæmi: Frá Búlandshöfða að sýslumörkum Dalasýslu.

Dalasýslumumdæmi: Frá sýslumörkum Snæfellsnessýslu að Gilsfjarðarbotni.

Flateyjarumdæmi: Frá Gilsfjarðarbotni, Barðaströnd að Látrabjargi, ásamt eyjum þeim, er heyra til Barðastrandarsýslu.

Patreksfjarðarumdæmi: Frá Látrabjargi að Kópanesi.

Bíldudalsumdæmi: Allur Arnarfjörður.

Dýrafjarðarumdæmi: Allur Dýrafjörður.

Flateyrarumdæmi: Allur Önundarfjörður.

Suðureyrarumdæmi: Allur Súgandafjörður.

Ísafjarðarumdæmi: Frá Golti að Geirhólma.

Hólmavíkumumdæmi: Frá Geirhólma að Hrútafjarðará.

Blönduóssumdæmi: Frá Hrútafjarðará að Skagatá.

Sauðárkróksumdæmi: Frá Skagatá að Haganesvík.

Siglufjarðarumdæmi: Haganesvík og Siglufjörður.

Akureyrarumdæmi: Allur Eyjafjörður.

Húsavíkumumdæmi: Frá Gjögri að Tjörnesi.

Raufarhafnarumdæmi: Frá Tjörnesi að Langanesi.

Vopnafjarðarumdæmi: Frá Langanesi að Lagarfljóti.

Borgarfjarðarumdæmi: Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.

Seyðisfjarðarumdæmi: Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.

Norðfjarðarumdæmi: Frá Dalatá að Gerpi.

Eskifjarðarumdæmi: Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.

Fáskrúðsfjarðarumdæmi: Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.

Djúpavogarumdæmi: Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.

Hornafjarðarumdæmi: Frá Austurhorni að Skaftárós.

Víkumumdæmi: Frá Skaftárós að Jökulsá á Sólheimasandi.

Rangárvallaumdæmi: Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.

Vestmannaeyjaumdæmi: Allar Vestmannaeyjar.
Eyrarbakkaumdæmi: Frá Þjórsá að Grindavík.

71
7. nóv.

Þetta birtist hjer með öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. nóvember 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

um

skemtanaskatt í Ytri-Akraneshreppi.

72
22. nóv.

1. gr.

Af öllum skemtunum fyrir almenning, er haldnar eru innan takmarka Ytri-Akraneshrepps og seldur er aðgangur að, skal gjalda skatt samkvæmt ákvæðum reglugjörðar þessarar. Skatturinn rennur í hreppssjóð og skal honum varið til styrktar bókasafni hreppsins.

2. gr.

Skatturinn skal vera hundraðsgjald af aðgöngumiðum eða öðrum skírteinum, sem seld eru að skemtunum, eins og hjer greinir:

1. Af sjónleikum, samsöngvum, hljómleikum, upplestri, fyrirlestrum og íþróttasýningum (líkamsíþróttum) 10%. Leikar þeir og sýningar, sem ræðir um í lögum nr. 30, 19. júní 1922 teljast eigi til skemtana, þótt aðganga sje seld.
2. Af öllum öðrum skemtunum 20%.

Ef skemtun er margþætt, skal skatturinn jafnan miðaður við þann þátt hennar er hærra er skattaður.

3. gr.

Nú er skemtun haldin og aðganga veitt gegn gjaldi, en þó án þess, að gefin sjeu út aðgönguskírteini, eða þau eru aðeins gefin út en gjaldið fyrir þátttöku í skemtuninni er eigi goldið samkvæmt þeim, eða goldið samkvæmt